



LANDSPÍTALI
HÁSKÓLASJÚKRAHÚS

Alþingi
Erindi nr. P 130/1222
komudagur 4.3.2004

Alþingi-Heilbrigðis- og trygginganefnd
Eva Margrét Ævarsdóttir
150 Reykjavík

Reykjavík, 02.03.2004

Tilv. 40.13

JP/gg

Umsögn um þingmál 100 um breytingu á l. 18/1984


Vísað er til bréfs heilbrigðis- og trygginganefndar Alþingis frá 12. f.m. um umsögn um ofangreint þingmál. Eins og fram kemur í bréfi nefndarinnar var þetta mál til umfjöllunar á 127. löggjafarþingi en fékk ekki afgreiðslu. LSH sendi þá umsögn um málið (mál 665).

Nú þegar þetta mál er endurflutt hefur verið tekið tillit til ýmissa þeirra athugasemda sem bárust þar á meðal frá LSH. Eftir sem áður stendur sú athugasemd sem LSH gerði um fyrirhugaða endurskoðun á l. 18/1984 sem var fyrirhuguð af hálfu heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytis og er væntanlega enn. Að öðru leyti eru breytingar þær sem gerðar hafa verið á frumvarpinu til bóta og er af hálfu LSH ekki gerð sérstök athugasemd umfram það sem að framan greinir um endurskoðun laganna.

Rétt þykir þó að taka fram að lagasetning í þessu augnamiði er pólitísk ákvörðun, sem snýst um hversu langt eigi að ganga í þessum efnum eins og bent er á í athugasemdum við frumvarpið.

Kostnaður fyrir ríkissjóð, verði frumvarpið að lögum, er talsverður. Það hlýtur að vekja þá spurningu af hálfu LSH hvort stofna eigi til útgjalda sem þessara meðan unnið er að aðgerðum til samdráttar í rekstri LSH vegna lægra fjárframlags. Eðlilegt má telja að þeir þættir í rekstri LSH sem verið er að draga saman með tilheyrandi fækkun starfsfólks, njóti forgangs áður en stofnað er til nýrra útgjalda.

Virðingarfyllst


Magnús Pétursson, forstjóri